

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um Icesave-reikninga Landsbankans.

Frá Ármanni Kr. Ólafssyni.

1. Hvaða skýrslur um stöðu viðræðna við bresk og hollensk yfirvöld liggja fyrir í ráðuneytum eða undirstofnunum þeirra? Ef einhverjar eru er óskað eftir því að þingið verði upplýst um innihald þeirra?
2. Hafa íslensk stjórnvöld undirritað eitthvert samkomulag við áðurnefnd yfirvöld um skilning á skuldbindingum Íslands varðandi Icesave-reikninganna eða undirgengist lánveitingu frá þeim til að borga innstæðurnar að fullu?
3. Hefur nákvæm lagaleg úttekt verið gerð á réttarstöðu Íslands innan ramma EES-samningsins varðandi Icesave? Ef svo er hverjar eru þær og hvar er hægt að nálgast þær?

Skriflegt svar óskast.